

Kæra sveitarstjórnarfólk.

Það er alltaf ánægjulegt að fá tækifæri til að hitta ykkur á heimavelli ykkar. Sveitarstjórnarstörf eru gríðarlega mikilvæg fyrir samfélag okkar. Þið starfið í miklu návígi við ykkar umbjóðendur og er það reynsla mín frá mínum sveitarstjórnarferli að nálægðin sé ákaflega gefandi þótt hún geti á stundum verið krefjandi. Í sveitarstjórnarstarfinu finnur maður greinilega hjartslátt samfélagsins síns. Þess vegna hef ég lagt mig sérstaklega eftir því að eiga gott samstarf við sveitarstjórnarstigið í störfum mínum sem ráðherra.

Í grundvallaratriðum er samhljómur milli ríkis og sveitarfélaga um framþróun sveitarstjórnarstigsins eins og berlega hefur komið í ljós í yfirstandandi endurskoðun á stefnumótun á sviði sveitarfélaganna þótt alltaf séu einhver ágreiningsefni.

Rík áhersla hefur verið lögð á samráð við hagsmunasamtök, sveitarstjórnir og íbúa með sérstakri áherslu á ungt fólk við stefnumótunina.

Að sama skapi hefur eftir fremsta megni verið stuðlað að samhæfingu og samlegð fimm áætlana ráðuneytisins á sviði skipulags-, húsnæðis-, byggða-, sveitarstjórna- og samgöngumála við samráð í tengslum við græn- og hvítbækur í málaflokkunum.

Sjaldan eða aldrei hefur farið fram jafn víðtækt samráð um stefnumótun við sveitarstjórnir, íbúa og aðra hagsmunaaðila eins og við endurskoðun sveitarstjórnaráætlunarinnar.

- Fyrst ber að nefna að 35 sveitarfélög með 87% íbúa í landinu á bakvið sig svöruðu ítarlegum spurningarlista til ráðuneytisins á sviði skipulags-, húsnæðis- og sveitarstjórnarmála um mitt ár í fyrra.
- Með sama hætti voru fleiri en 360 skráðir þátttakendur úr hópi sveitarstjórna, íbúa og annarra hagsmunaaðila í vinnustofum undir yfirskriftinni *Vörðum leiðina saman* um málaflokka ráðuneytisins út frá hugtakinu *búsetufrelsi*. Með orðinu búsetufrelsi vísa ég til þeirrar vegferðar ríkisvaldsins að stuðla að eins sambærilegum búsetuskilyrðum, atvinnutækifærum og þjónustu og kostur er á landinu öllu.

- Síðast en ekki síst fólst samráðið í viðhorfskönnun meðal 400 ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára til málaflokka ráðuneytisins í byrjun þessa árs.
- Ótalið er hefðbundið opið samráð um grænbók og drög að stefnuskjali í hvítbók.
Síðasti dagurinn til að skila inn umsögn um drög stefnuskjali í hvítbók er einmitt í dag.

Þegar farið hefur verið yfir innsendar umsagnir um hvítbókina mun starfshópur undir forystu þingmannsins Stefáns Vagn Stefánssonar ljúka endanlegri stefnumótun í þingsályktun í málefnum sveitarfélaga.

Vonir standa til að hægt verði að leggja bæði þingsályktanir á sviði sveitarfélaga og samgagna fyrir Alþingi fyrir þinglok í vor.

Og að hvaða leyti eru drög að **nýrri** stefnu og aðgerðaráætlun frábrugðin **gildandi** sveitarstjórnaráætlun?

Báðar áætlanir hafa sömu tvö meginmarkmiðin þótt fyrra markmiðið hafi reyndar verið skýrt í drögum að nýrri aðgerðaráætlun.

- Fyrra markmiðið felst í því að íslensk sveitarfélög verði öflug, sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa.

- Seinna markmiðið felst í því að sjálfsstjórn og ábyrgð sveitarfélaganna verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

Leiðin að þessum markmiðum er vörðuð í aðgerðaráætlunum stefnunnar.

Drög að **fjármálaaðgerðum** innan nýrrar áætlunar fela mörg hver í sér framhald af fyrri aðgerðum. Þar ber fyrst að nefna vinnu við áframhaldandi greiningu nýrra og eldri tekjustofna sveitarfélaga í þeim tilgangi að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra til framtíðar.

Því miður varð ágreiningur milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga til þess að fyrri tekjustofnanefndin skilaði ekki sameiginlegri niðurstöðu síðasta haust. Engu að síður liggur eftir nefndina ítarleg kortlagning á fjármálum sveitarfélaga sem mun nýtast vel.

Haldið verður áfram vinnu við endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga. Ólík sjónarmið ríkis og sveitarfélaga mættust í vinnu fyrri nefndar um endurskoðun fjármálaviðmiða. Fulltrúar ríkisins töldu mikilvægt að setja skýrar fjármálareglur, tilgreina frekari viðmið um einstaka

ákvæði laganna og þróa áfram tiltekna fjármálalega mælikvarða með faglegum hætti. Fulltrúar sveitarfélaganna vildu að þeim væri treyst til að setja sér ígrundaða stefnu og fylgja skynsamlegri fjármálastjórn innan nánast óbreyttra fjármálareglna. Nýjum hópi innan nýrrar aðgerðaráætlunar verður falið að leiða saman þessi ólíku sjónarmið og verður niðurstaðan nýtt við endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Ný fjármálaaðgerð tryggir farveg faglegs kostnaðarmats frumvarpa þegar líkur eru á að kostnaður falli á sveitarfélög. Veigamesti þátturinn í því ferli mun væntanlega felast í því að taka afstöðu til þess hvernig skorið verði úr um ágreiningsmál.

Síðast en ekki síst fela drög að aðgerð innan nýrrar aðgerðaráætlunar á sviði fjármála í sér að lokið verði við endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs. Brún þörf er á endurskoðun regluverks sjóðsins því mikil breyting hefur orðið á verkefnum hans með hliðsjón af flutningi viðamikilla verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Markmið breytinga á regluverki Jöfnunarsjóðs er að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og stuðla að því hann fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Mikla athygli hefur vakið að gert er ráð fyrir því að sveitarfélög nýti útsvarsstofn sinn áður en þau fái úthlutað úr Jöfnunarsjóði, sjóðnum sem hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga landsins. Nú eru dæmi um að sveitarfélög með hátt í milljarð króna í ónýtt útsvar sé úthlutað úr sjóðnum. Ég get ekki séð hvaða réttlæti felst í því að allur almenningur niðurgreiði útsvar einstakra sveitarfélaga sem telja sig það vel stæð að þau þurfi ekki að nýta útsvar sitt að fullu.

Alls bárust 38 umsagnir um drög að frumvarpi um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs samráðsgátt stjórnvalda þegar frestur til að skila inn umsögnum rann út um síðustu mánaðamót. Frumvarpið fær ágætar viðtökur þó afstaða einstakra sveitarfélaga markist vissulega oft af því hvort framlög til þeirra hækki eða lækki í nýju regluverki.

Drög að nýrri aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga fela í sér óbeint framhald af aðgerðum til stuðning sveitarfélaganna við **stafræna umbreytingu** og **aukna lýðræðislega virkni** íbúa með sérstakri áherslu á minnihlutahópa á borð við innflytjendur og ungt fólk. Hvort tveggja eru brýn hagsmunamál okkar allra.

Vart þarf að nefna hvers konar tækifæri felast í stafrænni umbreytingu sveitarfélaganna. Heimsfaraldurinn var okkur sannarlega áminning um þessa staðreynd og á sinn þátt í þeirri áherslubreytingu ríkisvaldsins að auglýsa öll störf án staðsetningar nema eðli starfanna geri kröfur um annað. Von mín og trú er að þessi áherslubreyting muni verði lyftistöng fyrir landsbyggðirnar.

Ný aðgerð um fagteymi fyrir kjörna fulltrúa vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni kemur úr ranni verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Vinna verkefnisstjórnarinnar fór fram undir merkjum gildandi aðgerðaráætlunar og fólu tillögur hennar í sér aðgerðir til að draga úr óvenjumikilli veltu meðal kjörinna fulltrúa, einkum meðal kvenna.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum hafa nýir sveitarstjórnarfulltrúar verið sex af hverjum tíu; fimm af hverjum tíu körlum og sjö af hverjum tíu konum. Starfshópur um endurskoðaða sveitarstjórnaráætlun gerir að tillögu sinni að fagteymi sinni bæði kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og á þingi.

Þriðja aðgerðin til að stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku snýr að þríhliða samstarfi ráðuneytisins, Jafnréttisstofu og Hagstofunnar um mælaborð um jafnrétti. Þessi aðgerð á einnig rætur að rekja til tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og hefur þegar verið ýtt úr vör með samtakamætti þessara þriggja aðila.

Drög að nýrri aðgerðaráætlun fela í sér metnaðarfullar nýjar aðgerðir á sviði þjónustu. Fyrsta aðgerðin felst einfaldlega í því að skilgreina hvaða þjónustu sveitarfélögin þurfi að veita til að uppfylla lágmarksrétt íbúa til þjónustu. Eins og við vitum ber sveitarfélögunum að sinna hátt í 80 lögbundnum verkefnum á sviði þjónustu og annarrar starfsemi. Því miður er því alls ekki þannig farið að öll sveitarfélög hafi burði til þess að sinna þessum verkefnum. Þess vegna þótti starfshópnum þörf á því að skilgreina betur þennan rétt.

Annað verkefnið kallast á við verkefni byggðaáætlunar um skilgreiningu á grunnþjónustu og felst í því að þegar búið verði að skilgreina grunnþjónustu verði þjónustan mæld og stuðlað að framþróun hennar. Sérstaklega verður í þessu tilliti hugað að þjónustu við viðkvæma hópa á borð við börn, fólk af erlendum uppruna, aldraða og innflytjendur.

Þriðja og síðasta verkefnið felur í sér markvissari verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fyrri hlutinn fjallar um greiningu á ábyrgðarskiptingu og hugsanlega tilfærslu verkefna á milli stjórnsýslustiga. Seinni hlutinn felst í því að tækifærið sé nýtt til að afmá svokölluð grá svæði í þjónustu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. að ekki verði þjónustuskerðing eða jafnvel þjónustufall þegar þjónustu af hendi annars stjórnsýslustigsins sleppir og hitt tekur við. Þessi aðgerð gagnast ekki hvað síst viðkvæmum hópum á borð við fólk með fötlun þó gráu svæðin leynist vissulega víða.

Helstu nýjungar nýrrar aðgerðaráætluninni felast annars vegar í áherslu á sjálfbærni og umhverfis- og loftslagsmál og hins vegar í útvíkkun aðgerðaráætlunarinnar inn á fagsvið annarra ráðuneyta í þágu barna, fólks með fötlun og innflytjenda.

Í samvinnu við viðeigandi fagraðuneyti fela drög að nýrri aðgerðaráætlun í sér þrjú verkefni í þágu ungra barna, innflytjenda og fólks með fötlun.

Síðast en ekki síst langar mig til að tala um aðgerð sem snýr að **búsetufrelsi**.

Ég skýrði áðan út hugtakið og nefndi að hér væri um eins konar gildi eða viðmið að ræða. Engu að síður hefur notkun hugtaksins kallað fram ýmsar vangaveltur meðal sveitarstjórna, einkum í sveitarfélög með mikla sumarhúsabyggð, um skyldur sveitarfélagsins til þess að veita þjónustu til íbúa í þeim. Starfshópurinn mætir þessum spurningum með drögum að aðgerðum um greiningu á áskorunum búsetufrelsis út frá gildandi lögum. Í því sambandi verður sérstaklega skoðað hvort ástæða sé til að breyta lögum um lögheimili og aðsetur.

Kæru fundarmenn.

Heimilið er athvarf okkar flestra og skjól. Skortur á uppbyggingu heimila hefur ekki aðeins áhrif á velsæld íbúanna heldur allt hagkerfið, vexti og verðbólgu. Jafnvægi í húsnæðisuppbyggingu hefur því í senn áhrif á andlega líðan fólks, fjármál fjölskyldna og fyrirtækja í landinu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur veitt stofnframlög til byggingar og kaupa á íbúðum víða um land á undanförunum árum. Á Norðurlandi eru þessar íbúðir rúmlega 120 og heildarfjárfesting verið rúmlega 3,5 milljarðar króna. Flestar eru íbúðirnar á Akureyri en næstflestar á Sauðárkróki. Á Norðurlandi hafa 60 íbúðir verið fjármagnaðar með hlutdeildarlánnum. Fleiri verkefni eru í farvatninu, til dæmis blandað verkefni Brákar og Bríetar á Siglufirði og fjölgun leiguíbúða á Grenivík, Laugum í Reykjadal, Kópaskeri og Þórshöfn í gegnum Bríeti.

Að mínu mati hafa ríki og sveitarfélög ekki verið nægilega samstíga til að ráða bót á ójafnvægi á húsnæðismarkaði. Eftir að nýtt innviðaráðuneyti tók til starfa hef ég lagt mikla áherslu á að koma á samtali milli stjórnsýslustiganna um nauðsynlega samvinnu á þessu sviði.

Ávöxtur mikillar vinnu og samtala var rammasamningur innviðaráðuneytisins, HMS og Sambands íslenskra sveitarfélaga undirritaður síðasta sumar. Í honum var stigið gríðarlega mikilvægt skref því þar birtist sameiginleg framtíðarsýn á hvernig best verði haldið á málum næsta áratuginn og hvernig við getum unnið saman að því að skapa jafnvægi á húsnæðismarkaði.

Við erum ekki að tjalda til einnar nætur í húsnæðismálum. Við erum að vinna að því að breyta kerfinu með það í huga að skapa jafnvægi til lengri tíma. Ég er afar þakklátur fyrir þá góðu samvinnu sem við höfum átt við Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög. Rammasamningurinn við Sambandið og fyrsti samningurinn við Reykjavíkurborg er gríðarlega mikilvægur grunnur til að standa á. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vinnur nú að samningum við fleiri sveitarfélög sem líta munu dagsins ljós á næstu vikum og mánuðum.

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

Þrátt fyrir að við stöndum nú í stríði við verðbólgu þá getum við verið bjartsýn. Það er mikill kraftur í samfélaginu okkar. Atvinnulífið er öflugt. Við sjáum nýjar og öflugar atvinnugreinar byggjast upp af miklum krafti.

Hugverkaiðnaður, svo sem lyfjaiðnaður, og skapandi greinar leysa úr læðingi krafta um allt land. Fjölmörg verkefni sem tengjast orkuskiptunum eru á teikniborðinu og geta haft gríðarlega jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu um allt land. Nú sem fyrr er mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni þétt saman til nýta þau tækifæri sem felast í þessum mikla sköpunarkrafti atvinnulífsins og efla þannig samfélögin hringinn í kringum landið.

Ég þakka fyrir mig og óska ykkur góðs gengis í ykkar störfum.